

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/55/EB**

frá 31. október 1995

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/37/EB <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukunum hefur verið steypt saman í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE <sup>(3)</sup>.

Rannsóknnum á ýmsum aukefnum sem eru skráð í II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE, en þar með er notkun þeirra heimil innanlands, er ekki enn lokið. Því ber að lengja gildistíma leyfa fyrir þessi efni um tiltekinn tíma.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. mars 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. október 1995.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 172, 18. 7. 1995, bls. 21.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/524/EBE er breytt sem hér segir:

1. í A-hluta „Sýklalyf“:
  - 1.1. í 29. lið, „Efrótómísín“, komi dagsetningin „18. 4. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Mjólkurgrísir“ og „Svín“;
  - 1.2. í 30. lið, „Virginíamýsín“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Gyltur“;
  - 1.3. í 31. lið, „Basítrasínsín“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Holdakjúklingar“ og „Svín“;
  - 1.4. í 32. lið, „Ardasín“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Holdakjúklingar“;
2. í D-hluta „Hnífslalyf og önnur lyf“, í 25. lið, „Halófúgínón“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Varphænur“;
3. í F-hluta „Litarefni, að meðtöldum fastlitum“, í 11. lið, „Astaxatín-auðugt *Phaffia rhodozyma*, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Lax, silungur“;
4. í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“:
  - 4.1. í 1. lið, „Syntetískt kalsíumálat, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Mjólkurkýr, holdanaut, kálfar, lömb og kiðlingar“;
  - 4.2. í 2. lið, „Natrólít-fónólít“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“;
5. í N-hluta „Ensím“, í 1. lið „3-fýtasi (EC 3.1.3.8.)“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Svín (allar dýrategundir)“ og „Kjúklingar (allar dýrategundir)“;
6. í O-hluta „Örverur“:
  - 6.1. í 1. lið, „*Bacillus cereus* var. *toyoi* (CNCM I-1012/NCIB 40112)“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Mjólkurgrísir“, „Svín“ og „Gyltur“;
  - 6.2. í 2. lið, „*Bacillus licheniformis* (DSM 5749)/*Bacillus subtilis* (DSM 5750)“, komi dagsetningin „30. 11. 1996“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Mjólkurgrísir“.